
Íslenska

Traust kunnáttu í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.

Hlutverk íslenskukennslu er viðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar sem ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur á eflaust drjúgan þátt í stöðu læsis þjóðarinnar og hve sjálfsagt það þykir að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Kennslan hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Með þeim hætti meðal annars gegnir íslenskukennsla því hlutverki að vera miðill hugsunar og eintal skrifara við sjálfan sig ef þörf er á því.

Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Markmið

Að nemendur...

- Þjálfist í lestri og lesskilningi og auki orðaforða sinn.
 - Þekki beygingarleg og merkingarleg einkenni allra orðflokka og gera sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta.
 - Lesi texta eftir íslenska höfunda og öðlist færni í gagnrýnni hugsun með þátttöku í umræðum og verkefnavinnu.
 - Þjálfist í notkun algengra hugtaka í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið.
 - Kynnist ljóðum af ýmsum toga og frá ýmsum tímum og höfundum þeirra.
 - Dýpki þekkingu sína á heimi Íslendingasagna.
 - Nái tókum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti, fyrir ólíka hópa lesenda og í mismunandi tilgangi.
 - Auki færni sína í ritun ýmiss konar texta og geti nýtt sér einfaldar leiðbeiningar um textagerð og ritgerðasmíð.
 - Þjálfist í réttritun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu.
 - Velji sér og lesi reglulega kjörbækur.
 - Kynnist íslenskum kvikmyndum.
-

Leiðir

Kennsla fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hópavinnu, umræðna og kynninga. Nemendur ná alla jafna að ljúka heimanámi í skólanum.

Námsmat

Skriflegt próf í lok hverrar annar. Vinnubókaskil með viðfangsefnum annanna þar sem lagt er mat á glósugerð, verkefnaskil, vinnubrögð og fallegan frágang. Einnig er lagt mat á hvort verkefnum er skilað á réttum tíma og þátttöku í umræðum. Matið er tvískipt; annars vegar prófseinkunn, hins vegar vinnueinkunn, sem er samsett úr fyrrgreindum þáttum. Nemendur vinna sjálfsmat í lok 1. og 2. annar.

Námsgögn

Finnur 3, Handbók um málfræði, Hugfinnur, Skrifinnur, Skilaboð móttekin, Mér er í mun..., Gísla saga Súrssonar, Útlaginn (kvikmynd), Heimir, Beinagrindur, Skilningsbókin (valin verkefni), kjörbækur, ljósritað verkefnahefti í stafsetningu, valdar íslenskar kvikmyndir og annað efni frá kennara.
